

Ed.

444. Nefndarálit

[60. mál]

um frv. til l. um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta er lagt fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar til staðfestingar á bráðabirgðalögum, útgefnum 2. maí 1962, um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf. Gerð var lítilsháttar breyting á frumv. í neðri deild.

Allsherjarnefnd efri deildar hefur athugað frumv., en varð ekki sammála um afstöðu til þess. Meiri hluti nefndarinnar vill samþykkja frv. óbreytt í þeirri mynd. sem neðri deild gekk frá því. Einn nefndarmanna (Alfreð Gíslason) leggur til, að frv. verði fellt, en ég undirritaður legg til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. Til rökstuðnings þeirri afgreiðslu málsins leyfi ég mér að skírskota til nefndarálits fulltrúa Framsóknarflokksins í allsherjarnefnd Nd. (Björns Fr. Björnssonar), sbr. þskj. 317. Þar segir svo:

„Ljóst sýnist, að frv. tekur til verkfræðistofnana, þ. e. sjálfstætt starfandi verkfræðinga, sem halda uppi sérstökum verkfræði- og rannsóknarstofum. Hins vegar snertir það ekki launakjör fastráðinna verkfræðinga, t. d. þeirra, sem vinna hjá ríkinu. Flestir slíkra verkfræðinga búa við sérstakt samkomulag við atvinnurekendur, sem byggist á lágmarksráðningarskilmálum Stéttarfélags verkfræðinga. Formlegir samningar hafa þannig ekki verið gerðir með þessum aðilum. Þá snertir frv. ekki erlenda verkfræðinga, sem hér kunna að starfa.

Hin nýja gjaldskrá um þóknun fyrir verkfræðistörf er verðlagningarreglur verkfræðinganna sjálfra um greiðslur fyrir útselda vinnu af verk- og rannsóknarstofum þeirra.

Frv. miðar að því að hefða frjálrsræði verkfræðinga um eigin verðlagningu á útseldri þjónustu. Hins vegar hafa aðrir aðilar, svo sem t. d. arkitektar, löggitir endurskoðendur o. fl., ekki verið af löggjöf bundnir um svipaðar gjaldskrár.“

Með tilvísun til framanritaðs legg ég til, að málið verið afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með skírskotun til þess, að aðrar stéttir hliðstæðar verkfræðingum, svo sem arkitektar, endurskoðendur o. fl., verðleggja sjálfar þjónustu, sem þær selja frá skrifstofum eða verkstofum, þykir deildinni ekki ástæða til staðfestingar á bráðabirgðalögum þeim, sem frv. fjallar um, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. marz 1963.

Ólafur Jóhannesson.